

Ed.

268. Nefndarátt

um frv. til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að« í upphafi greinarinnar komi: Atvinnumálaráðuneytið skal.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af

opinberu fje, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fje. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishoru til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast.

3. Við 5. gr. Fyrir orðin »Ákveða má í reglugerð« í upphafi greinarinnar komi: Í reglugerð skal ákveða.

Alþingi, 28. mars 1927.

Einar Jónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.

Jónas Kristjánsson.